Leikskólinn Sóli

Starfsskýrsla 2021

Hjallastefnan

Efnisyfirlit

Greinargerð leikskólastýru 3

1. Almennar upplýsingar 3

1.1 Leikskólinn (húsnæði, lóð, leikrými pr.barn, heildarrými ofl.) 3

1.2 Faglegar áherslur 4

1.3 Breytingar og viðhald 5

2. Innra mat Leikskólans Sóla 5

2.1 Styrkleikar 6

2.2 Tækifæri til umbóta 6

2.2 Innra mat verkefna á Sóla veturinn 2019-2020 6

3. Ytra mat 8

4. Börn 8

4.1 Fjöldi barna og tölulegar upplýsingar (aldur, árgangar, barngildi, dvalartímar) 9

4.2 Fjöldi barna sem njóta sérkennslu 9

5. Starfsfólk 9

5.1 Fjöldi, menntun, starfsmannavelta 10

5.2 Fundir 11

5.3 Skipulags,- og námskeiðisdagar, endur,- og símenntun 11

5.4 Starfsþróunarsamtöl 11

5.5 Heimsóknir í leikskólann og kynningar út fyrir leikskólann 2019-2020 11

5.6 Nemar í verknámi 12

6. Foreldrasamstarf 12

6.1 Foreldrafundir og viðtöl 12

6.2 Foreldrafélag og foreldraráð 13

7. Samstarf 13

7.1 Sérfræðiþjónusta Vestmannaeyjabæjar 13

7.2 Leikskóla 13

7.3 Grenndarsamfélag 14

8. Veturinn 2019-2020 14

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 15

1. Greinargerð leikskólastýru

Skólaárið 2020-2021 var lærdómsríkt og ólíkt mörgum öðrum árum, engu að síður var það viðburðaríkt á margan hátt í leikskólanum Sóla. Röð, regla og rútína einkenndi starfið þar sem dagskrá skólans skiptir deginum niður í nemendastýrða tíma á móti kennarastýrðum tímum. Stöðugleiki í kennara hópnum, þar sem löng starfsreynsla í bland við styttri, býr til fjölbreytileika sem er okkur afar mikilvægur. Jafnframt er menntunarstig í starfsfólkshópnum mjög gott en faghlutfall á Sóla er 69,47%. Í starfi okkar er mikilvægt að vera vel undirbúin en jafnframt að geta sýnt sveigjanleika, það höfum við sannarlega gert þetta síðasta skólaár, þar sem ýmsar takmarkanir hafa sett mark sitt á okkur. En við höfum verkfæri eins og handbókina sem við getum nýtt við allar aðstæður. Kennarar á Sóla er metnaðarfullir og oft frumlegir í starfi sínu með börnum, þar má oft á tíðum finna fyrir ástríðu og áhuga kennarans. Um leið og við skipuleggjum nýtt skólaár horfum við til baka á það sem er að líða með það í huga að gera enn betur á næsta ári. Til að búa góðan skóla þarf starfsfólkshópur Sóla að vera tilbúin að rýna í starf sitt og vilja halda góðri skólaþróun áfram með endurmenntun og jafningjafræðslu, þar höfum við bæði stuðning Hjallastefnunnar og Vestmannaeyjabæjar.

1. Almennar upplýsingar

Leikskólinn Sóli er fimm kjarna Hjallastefnuskóli í Vestmannaeyjum.

1.1 Leikskólinn (húsnæði, lóð, leikrými pr.barn, heildarrými ofl.)

Leikskólinn Sóli er til húsa að Ásavegi 11 í Vestmannaeyjum. Skólastýra á Sóla er Helga Björk Ólafsdóttir. Skólaárið 2021 til 2022 er 10. starfsár leikskólans undir Hjallastefnunni. Árið 2012 gerði Hjallastefnan ehf. og Vestmannaeyjabær með sér 5 ára þjónustusamning um reksturinn á Sóla, í júlí árið 2017 var samningurinn endurnýjaður en sá samningur rennur út í lok þessa skólaárs. Verkefni þessa árs er því að vinna að endurnýjun samningsins svo Sóli megi enn starfa undir Hjallastefnunni.

Leikskólinn Sóli er staðsettur á góðum stað nálægt miðbænum, hrauninu og stutt er niður að sjó. Við leikskólann er stór og veðursæl lóð. Húsið er 859 m2 að stærð og rúmar um 100 börn, leikrýmið er 372 m2. Samningur við Vestmannaeyjabæ hljóðar upp á 1025 dvalargildi á mánuði í 11,2 mánuði á ári, árið 2021 lítur út fyrir að við fyllum það viðmið. Opnunartími leikskólans er eins í öllum leikskólum Vestmannaeyjabæjar eða frá kl. 7:30-16:30.

Leikskólinn er rúmgóður og nýtist vel í starfi Hjallastefnunnar, í honum eru 5 kjarnar, tveir drengjakjarnar, tveir stúlknakjarnar og yngsti kjarni sem er blandaður. Allir eru kjarnarnir eins uppsettir með stóra heimastofu, minna herbergi inn af því og baðherbergi. Í húsinu er salur, bókasafn, tónlistarherbergi og

myndlistarherbergi sem nýtt eru til hópastarfs. Í húsinu er rúmgott eldhús, þar sem allur matur er matreiddur, skrifstofa, vinnuherbergi kennara, kaffistofa og herbergi fyrir sérkennslu.

1.2 Faglegar áherslur

Leikskólinn Sóli starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna. Hugmyndafræðin byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð. Hugmyndafræðinni er lýst í skólanámskrá leikskólans, í bókinni „Æfingin skapar meistarann" eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur höfund stefnunnar, í ýmsum ritum útgefnum af Hjallastefnunni ehf. og á heimasíðu Hjallastefnunnar www.hjalli.is.

Stoðirnar þrjár eru einföld framsetning á allri hugmyndafræði Hjallastefnunnar og fela í sér bæði meginreglur og kynjanámskrá stefnunnar. Allt starf og allar lausnir þurfa að standast ítarlega skoðun á því hvort þær hvíli raunverulega á stoðunum þremur; **jafnrétti**, **lýðræði** og **sköpun**.
https://www.hjalli.is/stodirnar_thrjar/

Kynjanámskrá og meginreglur Hjallastefnunar eru leiðarljós okkar alla daga.

1. **Agi;** virðing, hegðun, kurteisi og framkoma
2. **Sjálfstyrking;** sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi og tjáning
3. **Samskipti;** umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni og samstaða
4. **Jákvæðni;** bjartsýni, gleði, ákveðni og hreinskiptni
5. **Vinátta;** félagsskapur, umhyggja, nálægð og kærleikur
6. **Áræðni;** kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði

Leikskólinn starfar einnig á grundvelli Aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011 og er útfærslu á markmiðum hennar lýst í skólanámskrá leikskólans, sem hægt er að finna á heimasíðu skólans.

Auk Hjallastefnunnar og áhersluþátta í Aðalnámskrá leikskóla á leikskólinn Sóli sér sínar sérstöku áherslur; náttúra Vestmannaeyja, umhverfismennt, útikennsla, jóga og tónlistarhefð eyjanna eiga sinn sess í starfinu. Við leggjum einnig áherslu á læsi og stærðfræði með hliðsjón af framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar, jafnframt munum við áfram nýta okkur stærðfræði námsgögnin *Numicon* en stór hluti af kennurum á Sóla hafa sótt námskeið í notkun þeirra. Kennarar á Sóla hafa lokið innleiðingu á kennsluaðferðinni *Leikur að læra* en Kristín Einarsdóttir höfundur efnisins hefur haldið nokkur námskeið og leiðbeint kennurum með efnið. Þessi kennsluaðferð leggur áherslu á íslensku og stærðfræði og hvernig má kenna bóklegt nám án bóka í gegnum leik. Margir kennarar á Sóla hafa fengið námskeið í efninu *Lubbi finnur málbein* en það leggur áherslu á íslensku málhljóðin. Þetta efni hefur marg sannað sig við að kenna

börnum öll íslensku málhljóðin. Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Sóla.

1.3 Breytingar og viðhald

Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af fagaðila árlega. Síðasta úttekt fór fram í ágúst 2021.

Byrjað var að skipta um dúk innanhúss sumarið 2018 og síðasta vetur var haldið áfram, allir fimm kjarnar skólans eru komnir með nýjan dúk en eftir eru öll önnur herbergi sem og gangurinn. Dúkar á þau rými sem eftir á að dúkleggja eru til en annríki dúkalagningamanna er mikið en við bindum vonir við að eitthvað verði dúklagt í jólafríinu 2021.

Kominn er tími á að mála leikskólann að innan en annríki málara virðist einnig vera mikið. Við máluðum sjálfar salinn síðasta haust og í sumar máluðum við samverustofu kennara. Mörg rými standa þó enn út af borðinu varðandi málningu.

Á undanförnum árum hefur orðið breyting á aldurssamsetningu leikskólans, staðan er nú sú að yngstu börnin sem eru að byrja eftir sumarfrí eru sum hver ekki nema 11 mánaða. Það er að ýmsu að hyggja þegar svo ung börn byrja í skólanum og sem dæmi þá er skólalóðin eitt af þeim. Þegar Menntamálastofnun gerði ytra mat á Sóla var þetta einn af þeim þáttum sem okkur bar að gera umbót á, þ.e. að yngstu börnin okkar hefðu afmarkað svæði til leiks og svefns. Þetta er í vinnslu með Vestmannaeyjabæ en á síðasta ári var smíðaður svefnpallur fyrir yngstu nemendur Sóla en pallurinn nýtist einnig í hópastarf með aðra hópa leikskólans þegar pallurinn er ekki nýttur undir kerrur.

2. Innra mat Leikskólans Sóla

Hjallastefnuskólar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólastarfinu. Innra matið samanstendur af þeim þáttum sem skólinn notar til að meta eigin frammistöðu svo og þeim þáttum sem Hjallastefnan ehf. notar til þess að meta gæði í þjónustu skólans. Helstu þættir í innra matinu eru starfsfólkskönnun sem að jafnaði er lögð fram einu sinni á skólaári fyrir starfsfólk leikskólans, þar er grennslast fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og mat starfsfólks á eigin frammistöðu. Á hverju ári er send út spurningakönnun til foreldra til að meta ánægju foreldra með fagstarfið og ánægju með skólabrag. Farið er yfir niðurstöður þessara kannana á starfsfólksfundi og í sameiningu er unnin umbótaáætlun.

Foreldraviðtöl eru haldin á hverri önn og þá boða hópstýrur foreldra til sín í stutt spjall á laugardegi. Kennarar undirbúa sig með því að fylla út gátlista um stöðu hvers barns hvað varðar þroska, félagshæfni og gengi í leikskólanum. Síðasta vetur fóru foreldraviðtöl fram rafrænt, í síma eða í leikskólanum.

Í lok hvers mánaðar fylla hópstýrur út talningarblað fyrir hópatíma, þar sem búið er að flokka uppeldissvið og áherslur. Með þessu er hópstýrum gert auðvelt fyrir að sjá hvort þær séu uppfylla kröfur aðalnámskrár leikskóla sem og námskrár Hjallastefnunar (sjá talningarblað í viðauka).

Á hverjum degi eru minnst tveir valfundir og kennarar skrá niður það sem börnin velja sér. Það er alltaf það sama í boði leir, föndur, sull, einingakubbar, leikstofa og útivist. Í lok hvers mánaðar er talið út úr valblaðinu og það hengt upp á vegg fyrir foreldra til að fylgjast með. Einu sinni á ára taka kennarar innra mat á gæðum í vali, þ.e. á valfundum og valefni. Til þessa verks er notast við handbók og tékklista frá Hjallastefnunni.

Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af fagaðila árlega.

2.1 Styrkleikar

Foreldra- og starfsfólkskönnun árið 2020 komu vel út hjá okkur og almenn ánægja virðist vera með skólann bæði meðal foreldra og kennara. Foreldrar gáfu skólanum að meðaltali 9,34 í gæðaeinkunn og hækkuðum við okkur lítillega á milli ára. Kennarar gáfu skólanum hins vegar lægri einkunn í ár eða að meðaltali 8,89 í á móti 9,5 í fyrra. Í rýnivinnu eftir að niðurstöður bárust okkur gátum við okkur þess til að síðasta ár hefur að mörgu leyti verið erfitt í ljósi allra takmarkana sem okkur eru settar þrátt fyrir að eiga að sinna góðri kennslu og barnastarfi. En við erum þakklát fyrir þennan góða hóp sem í sameiningu myndar Sóla.

2.2 Tækifæri til umbóta

Alltaf er hægt að gera betur og á starfsfólksfundi í vetur var farið yfir niðurstöður kannana og umbótaáætlun gerð. Ábendingarnar sem við fengum einna helst snéru að meira upplýsingaflæði, rafrænu sem og beinu.

Hægt er að sjá niðurstöður kannana sem og umbótaáætlun á heimasíðu skólans.

2.2 Innra mat verkefna á Sóla veturinn 2020-2021



Dagskipulag

Dagskipulag leikskólans síðastliðið starfsár einkenndist af röð, reglu, rútínu og endurtekningu á hópatímum og valtímum.

7:30 Leikskólinn opnar - val
8:30 Morgunmatur
9:00 Valfundur, nemenda stýrður tími, börnin velja leir, föndur, kubba, sull, leikstofu eða útivist
10:30 Hópatími, kennarastýrður tími og blöndun, stúlkur og drengir hittast í fyrirfram ákveðnum vinahópum
11:30 Hádegismatur, hóparnir borða hádegismat með sínum kennara, yngstu börnin fara í hvíld og eldri halda hópatíma sínum áfram með kennaranum.
13:15 Valfundur, nemenda stýrður tími, börnin velja leir, föndur, kubba, sull, leikstofu eða útivist
14:30 Nónhressing
15:00 Samvera, róleg stund á kjarna og valfundur. Flest börn ljúka deginum um klukkan 16:00 en leikskólinn er opinn til kl. 16:30.

Val

Valtímarnir okkar byrja alltaf með valfundi sem er á undan leiktíma barnanna svo að hvert barn geti fylgt áhuga sínum og vaxið á eigin áhugasviði. Þá er opinn og skapandi efniviður í boði ásamt leikstofu og útisvæði og kennarar eru til stuðnings og hvatningar. Allt leikefni er úthugsað til að börn geti ráðið við allt sjálf og þurfi ekki að kalla á aðstoð sem er mikil valdefling.

Hópatímar

Hópatímar eru daglega til að kennarar styðji hvert barn í persónulegum þroska svo það njóti hæfileika sinna og æfist í nýrri færni. Milli klukkan 10.30 og 13.15 er hópastarf úti og inni þar sem hvert barn tilheyrir fámennum hópi og sami eða sömu kennarar starfa með hópnum allt skólaárið. Í hópatímunum vinna kennarar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá leikskóla, meðal viðfangsefna er t.d. málörvun, stærðfræði, dans og hreyfing, vettvangsferðir og þrautabrautir, sköpun, tónlist og tjáning, bókmenntir og sögur og hverju því sem einkennir leikskólastarf.

Aðlögun

Aðlögun nýrra barna fer alla jafna fram í fyrstu heilu vikunni eftir sumarfrí. Síðan Hjallastefnan tók við skólanum hefur sumarlokun verið í 4 vikur frá c.a. 15. júlí til 15. ágúst. Síðustu tvö árin hefur þó nýtt snið verið á, þar sem boðið er upp á upp á sveigjanleika í sumarfríi barna. Leikskólinn var lokaður frá 12. júlí til 2. ágústs, foreldrar höfðu val um tvær vikur til viðbótar við þessar þrjár lokunarvikur. Þann 16.ágúst var meginþorri kennarar kominn aftur til starfa og aðlögun nýrra barna hófst.

Aðlögun á Sóla fer þannig fram að á fyrsta degi koma börn í heimsókn með foreldri í klukkustund, hitta kennara og þau börn sem byrja aðlögun á sama tíma, sjaldan fleiri en 5 í einu. Annan daginn koma þau og foreldrar kveðja en fara ekki langt, kannski á kaffistofu í einn kaffibolla. Þriðja daginn mæta börnin í morgunmat, kveðja foreldra og eru fram að hádegismat. Fjórða daginn mæta börnin í morgunmat, kveðja foreldra og eru fram yfir hádegismat. Fimmta daginn mæta börnin í morgunmat, kveðja foreldra og eru fram yfir hvíld. Á sjötta degi er fullur skóladagur en það skal tekið fram að þessi áætlun er til viðmiðunar, stundum reynist nauðsynlegt að lengja aðlögun.

3. Ytra mat

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leikskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Það er meðal annars gert með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Við vorum svo heppin að vera valin í ytra mat á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkið var í höndum Guðrúnar Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 1.-4. október 2018. Lesa má matsskýrsluna á heimasíðu leikskólans www.soli.hjalli.is. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðiþjónusta og sérkennsla og innra mat. Í kjölfar skýrslunnar var unnin umbótaáætlun í samstarfi við skólaskrifstofu Vestmannaeyjabæjar, þá áætlun má lesa á heimasíðu skólans. Nýjustu umbótaáætluninni var skilað í júní 2021 til Menntamálastofnunar.

Hjallastefnan ehf. stendur einnig fyrir ytra mati á gæðum skólastarfsins en eftirlitsaðili Hjallastefnunnar heimsækir skólann einu sinni á starfsári og rýnir í starfið með börnunum, kemur með tillögur til umbóta með það sem kann að vera ábótavant og skilar Hjallastefnunni ehf. trúnaðarskýrslu um stöðu leikskólans. Þetta árið höfum við á Sóla ekki fengið heimsókn.

4. Börn

Meginregla eitt fjallar um börn og foreldra, Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

4.1 Fjöldi barna og tölulegar upplýsingar (aldur, árgangar, barngildi, dvalartímar)

Við upphaf skólaársins 2021-2022 er 91 nemandi skráður í skólann. Áætlanir okkar gera ráð fyrir því að í september verði dvalargildi nemenda í kringum 1020 og skólinn þá fullsetinn þó þjónustusamningurinn hljóðar upp á 1025 dvalargildi á mánuði í 11.2 mánuði á ári, því undanfarið höfum við verið yfir þeim viðmiðum.

Árgangur 2017, 14 stúlkur og 13 drengir

Árgangur 2018, 7 stúlkur og 14 drengir

Árgangur 2019, 10 stúlkur og 13 drengir

Árgangur 2020, 7 stúlkur og 13 drengir





Nú þegar við höfum lokið aðlögun hjá nýjum nemendum og foreldrar hafa metið þörf sína fyrir tíma í leikskólann líta dvalartímar út á eftirfarandi hátt hjá okkur.

6 tíma dvöl: 6 börn

6,5 - 7 tímar: 12 börn

7,25 - 7,75 tímar: 16 börn

8 tímar: 34 börn

8 - 8,75 tímar: 23 börn

4.2 Fjöldi barna sem njóta sérkennslu

Við upphaf skólaársins 2020 nutu 18 börn sérkennslu hjá Hrefnu Jónsdóttur sérkennslustýru á Sóla. Þeim fjölgaði svo jafnt og þétt eftir því sem leið á veturinn og hafa 25 börn fengið sérkennslu af einhverju tagi. Þar af eru fimm tví- eða fjöltyngd börn sem fengið hafa íslenskukennslu að jafnaði 1-2 sinnum í viku. Nítján börn hafa fengið sérstaka framburðaþjálfun og málörvun. Öll börnin hafa verið að minnsta kosti einu sinni í viku en flest tvisvar sinnum eða oftar. Af þessum 25 börnum hefur Hrefna útskrifað fjögur úr sérkennslu í framburðarþjálfun og málörvun og hafa þau nú hafið nám á Víkinni. Af þessum 25 börnum eru 12 að fara á Víkina og eitt að flytja upp á land. Eftir eru þá 13 börn í sérkennslu og bíða þrjú tvítyngd börn eftir því að byrja í íslenskukennslu næsta haust. Á Sóla eru þrjú börn sem hljóta stuðning hluta úr degi og er Hrefna þeim kennurum innan handar hvað varðar daglega þjálfun.

5. Starfsfólk

Meginregla tvö fjallar um starfsfólk, Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ríkjandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

5.1 Fjöldi, menntun, starfsmannavelta

Skólaárið 2021-2022 munu 16 hópstýrur starfa við leikskólann. Þrjár hópstýrur eru á hverjum stúlkna- og drengjakjarna, auk þess sem við erum með hlutastöðu síðdegis til að klára daginn. Á yngsta kjarnanum sem auk þess er blandaður kjarni eru fjórar hópstýrur. Stuðningskennsla er ekki fullmetin að svo stöddu en við skólann eru nú um tvö stöðugildi fyrir stuðning, sem skiptist á milli þriggja barna. Jafnframt starfar við leikskólann sérkennslustýra sem er menntuð sem þroskaþjálfi og sérkennari.

Starfsfólkshópurinn á Sóla er með fjölbreytta menntun, samtals eru 14 kennarar, einn þroskaþjálfi og tvær með B.S. gráðu í sálfræði, einnig eru tvö með aðra háskólamenntun. Við skólann eru einnig fjórir leikskólaliðar. Á komandi skólaári verða fjórar í meistaranámi í menntunarfræði. Tvær sjá um eldhúsið á Sóla og útskrifuðust þær báðar sem matartæknir frá Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þær sjá um allt sem snýr að eldamennsku fyrir börn og starfsfólk, en þess má geta að minnsta kosti eru fimmtán börn sem eru með einhverskonar sérþarfir í matarmálum. Einnig sjá þær um öll innkaup fyrir eldhúsið og sinna þvotti.

Þrifin eru í höndum verktakans Hugins Helgasonar sem á og rekur fyrirtækið Hugþrif, skólinn er þrifinn eftir lokun. Skólastýra ber ábyrgð á öllu sem viðkemur skólahaldinu, faglegu og fjárhagslegu. Starfskonur Sóla eru 27 í tæpum 24 stöðugildum.

Guðrún Benónýsdóttir er sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar, hún var í barneignarleyfi síðastliðinn vetur og Ásta Björk Guðnadóttir leysti hana af. Ráðgjafinn er tvo morgna í viku á Sóla og sinnir börnum, stýrir teymisfundum og sér um skýrslugerðir. Guðrún er nú snúin aftur til starfa og bjóðum við hana velkomna. Hrefna Jónsdóttir þroskaþjálfi og sérkennari sinnir stöðu sérkennslustýru á Sóla í 66% stöðu. Hún vinnur náið með sérkennsluráðgjafa að öllu sem lýtur að sérkennslu. Hrefna hefur yfirumsjón um skipulagningu, framkvæmd og endurmat á sérkennslu í leikskólanum, býr til einstaklingsnámskrár, situr teymisfundi og sér um ráðgjöf og stuðning við starfsfólk. Á Sóla hefur einn kennari réttindi til að lesa úr Íslenska þroskalistanum, ein hefur réttindi á Íslenska Málhljóðamælinn, þrjár hafa réttindi til að nýta sér málþroskaskimun EFI og 5 hafa réttindi á TRASH.

Starfsfólkshópur leikskólans Sóla er góð blanda af gamalreyndum kennurum í bland við yngri, minna reynda kennara og þannig skapaðist jákvæð og góð orka í húsinu. Við teljum að þar af leiðandi sé starfsmannavelta lítil á Sóla, fólki líður vel. Við söknum þess þó að fá ekki fleiri starfsumsóknir frá karlmönnum í leikskólann.

5.2 Fundir

Fundarhald síðastliðið ár var fremur flókið sökum heimsfaraldurs og samkomutakmarka. Á haustönn fóru allir fundir fram í gegnum fjarfundarbúnað bæði starfsfólksfundir og lotufundir. Fyrsta starfsdegi var frestað sökum samkomutakmarka en svo var tekin ákvörðun um að halda starfsdaginn í gegnum fjarfundarbúnað í nóvember en starfsfólk hvers og eins kjarna sat saman og tók þátt. Þetta var þungt í vöfum og ekki náðist samtalið sem þarf að vera til staðar á þessum fundum. Í janúar var annar starfsdagur þar sem samkomutakmarkanir héldu ekki aftur af okkur og því var hann haldinn á hefðbundin hátt. Þá fengum við fyrirlestur frá Valdísi Jónsdóttur um málröskun barna, raddheilsu og raddmenningu. Eftir hádegi voru almenn fundarhöld. Á starfsdegi sem átti að vera eftir páska voru samkomutakmarkanir óhentugar og því var ákveðið að fresta honum og í staðin skipta honum upp í tvo styttri fundi eftir vinnu. Stjórnendum þótti mikilvægt að hægt væri að koma saman og ræða meðal annars framtíðarsýn Vestmannaeyjabæjar í menntamálum.

Næsta vetur stefnum við á halda stutta og hnitmiðaða lotufundi í upphafi hverrar lotu. Þar munum við undirbúa lotur og taka á þeim málum sem brenna á okkur þá stundina. Í staðin fyrir lengri starfsmannafundi eftir lokun eru nú reglulegir starfsdagar sem dreift er yfir árið. Farið er yfir fagstarfið, Hjallafræðin, ýmiskonar endurmenntun, skipulagningu næsta skólaárs og margt fleira.

5.3 Skipulags,- og námskeiðsdagar, endur,- og símenntun

Á síðasta ári var Vestmannaeyjabær búinn að skipuleggja marga áhugaverða og flotta fyrirlestra fyrir starfsfólk leikskólanna en sökum samkomutakmarka voru þeir allir felldir niður. Aftur á móti verður stór

hluti þeirra haldinn á þessu skólaári. Sökum heimsfaraldurs margfaldaðist framboð af netfyrirlestrum og námskeiðum, sem er hentugt fyrir okkur landsbyggðarfólkið og margt starfsfólk nýtti sér það.

Á næsta skólaári er búið að setja á fimm starfsdaga og Vestmannaeyjabær býður einnig upp á fimm fyrirlestra á haustönn sem ætlaðir eru leikskólafólki. Starfsdagarnir eru samræmdir starfsdögum Grunnskóla Vestmannaeyja og samþykktir hafa verið dagarnir 23. ágúst, 15. október, 30. desember, 21. febrúar og 22. apríl. Á milli jóla og nýárs verður starfsfólk í jólafríi en fundin verður lausn fyrir þá foreldra sem vinnu sinnar vegna þurfa vistun. Þessa daga verður starfsfólk búið að vinna af sér með endurmenntun sem fram fer eftir lokun leikskólanna. Fræðsluerindin eru eftirfarandi: *Fræðsla frá barnavernd, Hlutverk deildarstjóra í leikskólum, Jógakennsla í leikskóla, Eflum þrautseigju* og *Hljóðkerfisvitund.*

5.4 Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastýra heldur starfsþróunarsamtöl á hverju ári og farið er yfir liðið ár og næsta ár rætt. Ýmis form hafa verið á þessum samtölum en mikilvægast er að þau eigi sér stað. Ennfremur er skrifstofa skólastýru alltaf opin fyrir starfsfólks til að ræða saman.

5.5 Heimsóknir í leikskólann og kynningar út fyrir leikskólann 2020-2021

Sökum heimsfaraldurs Covid-19 var ekkert um heimsóknir til og frá Sóla síðastliðinn vetur. Verst þótti okkur þó að Hjallaráðstefnan sem haldin hefur verið á hverju ári féll niður og var mikill söknuður af henni. Ennþá verra finnst okkur þó að ekki verður heldur af henni í haust, starfsdagurinn verður þó nýttur til góðrar uppbyggingar fyrir kennarahóp Sóla.

5.6 Nemar í verknámi

Fjórar eru í leikskólakennaranámi við Háskóla Íslands í leikskólakennarafræðum og menntunarfræði leikskóla. Sökum heimsfaraldurs tóku þær allt vettvangsnám á Sóla en ekki var mælt með að taka vettvangsnámið annars staðar. Við fengum þó eina eyjastúlku í vettvangsnám til okkar á vorönn.

6. Foreldrasamstarf

Leikskólinn Sóli setur samstarf við heimili leikskólabarna í öndvegi enda eru góð samskipti við fjölskyldur þeirra, forsenda þess að börnum gangi vel og líði vel í leikskólanum. Samstarfið einkennist af gagnkvæmri virðingu þar sem foreldrar og kennarar vinna sameiginlega að því að skólasamfélagið sé eins og best verði á kosið fyrir börn svo þau megi þroskast og dafna í jákvæðu umhverfi. Skólinn stendur foreldrum alltaf opinn og er þeim alltaf velkomið að kíkja inn og fylgjast með starfinu. Á öðrum stundum bjóða börn og kennarar foreldrum í kaffi eins og á bóndadaginn og konudaginn, á söngfundi eða annað sem okkur dettur í hug.

Foreldraframlag er hugtak sem við notum en við höfum hins vegar ekki nýtt okkur það mikið. Þó höfum við fengið smiði í vinnu, gítarleikara, fyrirlesara, fisk frá sjóurum til að skoða og svo hafa foreldrar komið okkur til aðstoðar ef við höfum kallað eftir því og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir einstakt viðhorf til okkar.

6.1 Foreldrafundir og viðtöl

Foreldrafundir og viðtöl eru í nokkuð föstum skorðum hjá okkur. Skólastýra tekur ávallt á móti foreldrum í fyrsta viðtalið, gerir dvalarsamning og fer yfir skólastarfið, sýnir skólann og kjarna barnsins. Hópstýra barnsins fer svo yfir helstu upplýsingar um barnið með foreldrum á fyrsta degi í aðlögun. Hópfundur með kynningu á skólanum og Hjallastefnunni er að hausti og oftar en ekki fáum við gest til okkar á þeim fundi og hefur Margrét Pála Ólafsdóttir oft séð um hann, þessi fundir hafa þó ekki farið fram núna né á síðasta ári. Tvö foreldraviðtöl eru á skóladagatali okkar, eitt á laugardegi í nóvember og annað á laugardegi í mars.

6.2 Foreldrafélag og foreldraráð

Við leikskólann starfar öflugt foreldrafélag, stjórnina skipa fimm foreldrar sem leiddu starfið einstaklega vel. Thelma Hrund Kristjánsdóttir, Bragi Magnússon, Eva María Jónsdóttir, Halla Björk Hallgrímsdóttir og Unnur Líf Imsdal. Unnur Líf dettur út fyrir næsta vetur og vonandi finnum við annað öflugt foreldri í staðinn. Jafnframt er starfandi foreldraráð, sem kemur að starfsáætlun og skóladagatali með okkur, í því sátu Kristín Hartmannsdóttir og Thelma Hrund Kristjánsdóttir. Kristín mun láta af störfum en við höfum verið að þróa þessa vinnu í þá átt að stjórn foreldrafélagsins og foreldrráð fundi saman um faglega starf skólans. Sökum samkomutakmarkana var vinna foreldrafélagsins og ráðsins takmörkuð en við vonum innilega að svo verði ekki næsta skólaár. Í venjulegu árferði sér þó foreldrafélagið um fasta liði eins og jólaföndur, sumarhátíð, þátttöku í útskrift elstu barnanna og hafa síðustu ár boðið upp á leiksýningu.

7. Samstarf

Við í leikskólanum Sóla leggjum okkur fram við að vera í góðu samstarfi við alla þá aðila sem tengjast okkur.

7.1 Sérfræðiþjónusta Vestmannaeyjabæjar

Samkvæmt samningi Hjallastefnunnar og Vestmannaeyjabæjar þá hefur leikskólinn Sóli aðgang að sérfræðiþjónustu Vestmannaeyjabæjar. Gott samstarf hefur verið þar á milli og höfum við aðgang að fræðslufulltrúa bæjarins sem fundar með leikskólastýrum bæjarins einu sinni í mánuði. Einnig sinnir sérkennsluráðgjafi bæjarins okkur vel, við höfum aðgang að ráðgjafarþroskaþjálfa og sálfræðingi. Einn talmeinafræðingu starfar í Vestmannaeyjum og hefur hún séð um að greina málþroska og framburð hjá

nemendum okkar, töluverður biðlisti er í þjálfun hjá henni en nokkur börn af Sóla fara í þjálfun til hennar vikulega.

7.2 Leikskólar Vestmannaeyja

Tveir leikskólar eru í Vestmannaeyjum, Kirkjugerði og Sóli. Í þessum skólum eru nemendur á aldrinum 12 mánaða til 5 ára, öll 5 ára börn eru á Víkinni sem er leikskóladeild innan Grunnskólans. Verkferill fyrir flutning nemenda á milli Sóla/Kirkjugerði og Víkurinnar má finna inn á heimasíðu leikskólans http://soli.hjalli.is/Skolastarfid/Aaetlanir

7.3 Grenndarsamfélag

Leikskólinn Sóli leggur sig fram um góð samskipti við grenndarsamfélagið. Safnahúsið er í næsta nágrenni við skólann. Þar er bæði bæjarbókasafn og byggðasafn, sem er skemmtilegur heimur fyrir börnin okkar. Við munum halda áfram með okkar góða samstarf við Bókasafn Vestmannaeyja. Miðbærinn og hafnarsvæðið er einnig í göngufæri svo börnin læra að þekkja og ganga um bæinn sinn. Sama má segja um hraunjaðarinn, sem og Eldheima, sem eru í næsta nágrenni við leikskólann. Þar er sögu eldgossins á Heimaey gerð skil, auk þess sem Surtseyjarstofa er þar til húsa. Sjúkrahús Vestmannaeyja er í næsta húsi við leikskólann og ætlum við okkur að halda góðu samstarfi við það t.d. með listaverkasýningum, söngfundum og öðrum uppákomum fyrir sjúklinga og starfsfólk þar. Börnin okkar heimsækja fótboltamótin sem haldin eru í Vestmannaeyjum og við tökum þátt í Goslokahátíðinni, sem og öðrum viðburðum sem tengjast lífi og menningu okkar hér í Vestmannaeyjum. Leikskólinn leggur sig fram við að vera í góðu sambandi við atvinnulífið, skólasamfélagið og opinberar stofnanir í Eyjum. Meðal þess sem börnin upplifa eru heimsóknir á slökkvistöðina, lögreglustöðina og hina ýmsu vinnustaði svo eitthvað sé nefnt.

8. Veturinn 2020-2021

Þróunarsjóður fræðsluráðs Vestmannaeyja

Tveir öflugir kennarar á Sóla hlutu styrk úr Þróunarsjóði leik- og grunnskóla Vestmannaeyja. Þær Guðrún Bára Magnúsdóttir og Guðrún Lilja Friðgeirsdóttir fengu styrk til þess að útbúa leikjahandbók sem nýst getur öllum kennurum á leikskólastigi og jafnvel yngstu bekkjum grunnskólans. Þær voru báðar að útskrifast með B.ed í leikskólakennarafræðum og kom hugmyndin í framhaldi af því.

Á árinu skiluðum við einnig tveimur lokaskýrslum vegna styrkja sem við hlutum á síðasta skólaári, það var 12 vikna kennsluáætlun í jóga og útikennsla þar sem hafin er bygging á útikennslustofu við skólann.

Stytting vinnuvikunnar

Hjallastefnan fór af stað með mjög spennandi verkefni um styttingu vinnuvikunar áramótin 2017-2018 og Sóli var með þeim fyrstu sem hóf innleiðingu þá um vorið. Markmiðið er að stytting vinnuvikunnar sé um 5 klukkustundir fyrir 100% starf hjá öllu starfsfólki. Helstu markmið viðveru styttingar er að minnka álag á starfsfólk, fækka fjarvistum vegna veikinda, minnka brottfall vegna álagstengdra vandamála, lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra.

Við litum á þetta sem æfingu vorið 2018 en um haustið fórum við alla leið í vinnutímastyttingunni. Hver kjarni fyrir sig fann út hvað hentaði þeim og svo var unnið út frá því. Mikil ánægja hefur verið með verkefnið og það væri erfitt að fara til baka en þetta er ekki sjálfgefið og tökum við reglulega samtalið um ferlið. Starfsánægja hefur aukist og veikindadögum hefur marktækt fækkað.

Þjálfunaráætlun Hjallastefnunar

Haustið 2019 gaf Hjallastefnan út þjálfunaráætlun fyrir nýtt starfsfólk. Þjálfunaráætlunin inniheldur litla handbók sem leiðir kennara í gegnum lestur á hinni eiginlegu Handbók Hjallastefnunar. Þjálfunaráætlunin er kennd í gegnum Google Classroom, þar sem hver vika er skipulögð með lestri og áhorfi á stutt myndbönd. Nú fyrir stuttu var Handbók Hjallastefnunnar svo gefin út í hljóðbók sem mun nýtast sérstaklega vel.

Markmið með þjálfunaráætluninni er að tryggja að allt starfsfólk lesi reglulega handbók Hjallastefnunar. Þannig hafi allir góða innsýn í starfsþætti stefnunnar og viti vel til hvers er ætlast í starfi. Í dag er gert ráð fyrir því að allt nýtt starfsfólk Sóla fari í gegnum þessa þjálfunaráætlun um leið og það hefur störf.

Erasmus+

Skólaárið 2019-20 var haft samband við skólastýru og Sóli ásamt hinum leikskólum bæjarins beðin um að vera með í Erasmus+ verkefni með þremur skólum í Þýskalandi. Verkefnið fór vel af stað og skipulagning var komin langt á leið með tilheyrandi heimsóknum til Þýskalands og heimsóknum til Eyja þegar heimsfaraldur braust út og allar heimsóknir settar á bið. Verkefnið hélt þó áfram í í vetur höfum við verið að vinna saman á reglulegum fundum og deilt hugmyndum, verkefnum og kynnst hvert öðrum. Notuð er síða sem heitir E-Twinning og samskiptasíða sem Erasmus notar í sínum verkefnum. Nú er verið að skipuleggja heimsóknir þriggja kennara frá hverjum skóla til þriggja borga í Þýskalandi hins vegar og að taka á móti 9 kennurum frá Þýskalandi.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Meðfylgjandi er skóladagatal leikskólans Sóla en skóladagatöl eru samræmd á milli allra skóla Vestmannaeyjabæjar. Starfsdagarnir eru eftirfarandi: 23. ágúst, 15. október, 30. desember, 21. febrúar og 22. apríl. Þegar þetta er skrifað er fræðsluráð ekki búið að ákveða hvernig fyrirkomulag sumarfrísins verður sumarið 2022. Lotur kynjanámskrárinnar eru merktar inn á skóladagatalið en þær eru, agi, sjálfstæði og samskipti sem kennt er fyrir áramót, eftir áramót kennum við jákvæðni, vináttu og áræðni.

Vestmannaeyjum 30.september 2021

Fríða Hrönn Halldórsdóttir, foreldraráð	Helga Björk Ólafsdóttir, skólastýra
Kristine Laufey Sæmundsdóttir, foreldraráð	Thelma Hrund Kristjánsdóttir, foreldraráð

10. Viðauki

Hópatíma talningablað Sóla

Uppeldissvið og áherslur í hópastarfi

1	**Uppbótarvinna** Stúlkur þurfa meiri einstaklingsþjálfun; sjálfstæði, sjálfsvitund og sjálfstraust, jákvæðni og hreinskiptni, kjarkur og frumkvæði			
2	**Uppbótarvinna** Drengir þurfa meiri félagsþjálfun; agi, hegðun og framkoma, viðhorf og samskipti, nálægð og vinátta.			
3	**Leikurinn;** leikrit, hlutverkaleikur, vinkonu og vinastöðvar, Út um víðan völl í ferðum. Leikir úti og inni.			
4	**Sjálfshjálp og líkamsvitund;** slökun, klæðnarþjálfun,sjálfshjálp, líkamsvitund, snerti og nálægðarvinna, núvitund og jóga.			
5	**Hreyfing;** stökkæfingar, þrautabraut, og stöðva brautir, gönguferð, hlaup. Hópleikir,aga og fyrirmælaæfingar, dans,kraft og kjarkæfingar			
6	**Náttúran;** endurvinnsla, matjurtaræktun, garðvinna, umhirða útisvæðis, náttúruskoðun, fjöruferð, klettaklifur.			
7	**Samfélagið og raunveruleikatengd verkefni;** Matargerð, bakstur, alvöruverkefni; gera við, þrífa. Ferðalag, vettvangsheimsóknir, söfn			
8	**Mál og málörvun.** Framsögn, segja sögu, hlusta á sögu sagða, vinkonu og vinaspjall, gera bækur, þulur, vísur, ríma, íslensku málhljóðin (Lubbi), orðaforðakennsla, Strik fyrir strik.			
9	**Tónlist og hljóð;** söngur, syngja á sólinni, hljóð færanotkun, taktæfing, hlustun, spinna, óma og kyrja, öskra upp í vindinn, búa til hljóðfæri.			
10	**Myndsköpun og myndmál;** þekjumála, vatnslita, fingramála, leirmassi, sápumassi, pappamassi, klippa, líma, gerta nytjahluti, s.s. spil og leir, textílverkefni.			
11	**Tölur og talnaskilningur;** telja, Numicon, útistærðfræði, formin, leggja á borð			
12	**Blöndun**			
13	**Útivera í hópastarfi**			
14	**Innivera í hópastarfi**			

Valblað *Hjallinn ®*

_____ _____ **2021**

Nafn kjarna *Mánuður* *Ár*

U = útisvæði, **P**= leikstofa **K** = Kubbakrókur **LK** = Leirkrókur **S** = Sullukrók **F** = föndurkrókur

	Nafn barns	dags.	dags.	dags.	dags.	dags.	dags.	dags.	dags.	dags.	dags.	dags.	dag	dags.	U	P	K	LK	S	F	Samtals valið
1																					0
2																					0
3																					0
4																					0
5																					0
6																					0
7																					0
8																					0
9																					0
10																					0
11																					0
12																					0
13																					0
14																					0
15																					0
16																					0
17																					0
18																					0
19																					0
20																					0
21																					0
22																					0

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: Sóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M Barnaskólaslit	1 M Fyrsti skóladagur gunnar	1 L Nýjársdagur	1 Þ	1 Þ Öskudagur	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M
2 M Fyrsti dagur eftir sumarfrí starfsfólks	2 F	2 L	2 Þ Vinnu undir lyndi	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M Frumlegvæði	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S Pálmasunnudagur	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M Sjálfstraust	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M Kraftur	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Hvítasunnudagur
6 F	6 M Kurteisi	6 M	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M Öskudagur	7 M Nálægð	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 M Dar ellinda gur á sign s.s. sólb	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ Hjálpsemi	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M Öryggi	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagur í leikskólanum. Mömmu kaffi kl.	11 F	11 M Dar ellinda	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Sólmánaðarlagurinn
13 F	13 M Frumkvæði	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M Dagur sjálfboðaliðans var	14 F Skírdagur	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F Hjálparáætlanir	15 M Viðeyjar	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ Kartelkur	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M
16 M	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ Þrír gur bæta mótar fyrirtæki	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 Þ	17 M Jákvæðni lota	17 F	17 F	17 S Páskadagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L	18 M Tjáning	18 F	18 L	18 Þ Ákveðni	18 F	18 F	18 M Annar í páskum	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L Þú gæ ur ekki ákveðið, bara a	20 M	20 F	20 S Konudagur	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Bóndadagur	21 M Starfsdagur	21 M	21 Þ Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M Barnastafa	22 M	22 L	22 Þ Vináttulota	22 Þ	22 F Starfsdagur	22 S	22 M
23 M Starfsdagur í lotuf.	23 F	23 L Ef ykk veit eitta gur	23 Þ	23 F	23 S	23 M Félagsskapur	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Allt engst upp á la	24 M Hreinskiptni	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jólafrí gu r	25 Þ	25 F	25 F	25 M Virkni	25 M	25 L
26 F	26 S Á mánuði fá nýjarnir tækifæ ri til	26 Þ	26 F	26 S Ekki er á á á á m	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppeldisfræðidagur	26 S
27 F	27 M Sjálfstraðslota	27 M	27 F	27 M á sæti	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ Sjálfstýring	28 F	28 S	28 Þ á sæti	28 F	28 S Bolludagur	28 M Árræðni lota	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M á sæti	29 L		29 Þ Öskudagur	29 F	29 S	29 M
30 M Ágústlota	30 F	30 L	30 Þ	30 F Starfsdagur	30 S		30 M	30 L	30 M	30 F
31 M Vinning		31 S		31 F Gamlársdagur	31 M Öskudagur		31 F		31 Þ	

Leikskólarnir: Ekki er búið að ákveða fyrirkomulag sumarlokunar 2022. Ætlað er að gæsluvöllurinn Strönd verði opinn meðan sumarlokun stendur yfir. Leikskólarnir verða lokaðir vegna kjarabundinna starfsdaga 23. ágúst, 15.október, 30. desember, 21. febrúar og 22. apríl. Einnig er lokað milli jóla og nýárs dagana 27.-29. desember en foreldrar geta sótt um vistun þá daga.